



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1264

FUNDARBOÐ

**1264. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
28. nóvember 2017 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1701261 - Skýrsla bæjarstjóra

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 24. október síðastliðnum.

Almenn erindi - umsagnir og vísanir

2. 1710194 - Apótek/lyfjabúð Dalbraut 1 - lyfsöluleyfi

Umsagnarbeiðni frá Lyfjastofnun um nýtt lyfsöluleyfi á Akranesi.

Afgreiðsla til staðfestingar

3. 1711108 - Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2018

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gerir ráð fyrir að hækkun framlaga sveitarfélaganna um 2,5% og verði samtals um 12,5 mkr. en framlag hvers og eins sveitarfélags miðast við íbúafjölda um áramót.

Bæjarráð samþykkti fjárhagsáætlunina á fundi sínum þann 16. nóvember 2017 og vísar ákvörðun sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 1607041 - Almennar íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2017 að veita Brynju, Hússjóð Öryrkjabandalagsins stofnframlag samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir vegna kaupa á íbúð á Akranesi en gert er ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins. Hlutfall stofnframlags Akraneskaupstaðar miðast við sömu forsendur og stofnframlag Íbúðalánasjóðs.

Bæjarráð vísar ákvörðun sinni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

5. 1708044 - Gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs (gatnagerðargjöld og fl.)

Bæjarráð samþykkti tillögu sviðsstjóra skipulags- og umhverfissvið um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda og tengigjalds fráveitu á fundi sínum þann 23. nóvember 2017 og vísar ákvörðun sinni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

6. 1710227 - Húsnæðismál Orkuveitu Reykjavíkur

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 23. nóvember 2017 ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á húsnæðis þess við Bæjarháls 1.

Eigendur Foss fasteignafélags, sem á húseignirnar á Bæjarhálsi 1, hafa samþykkt kauptilboð Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í félagið. Með því fær OR aftur forræði yfir húsunum þar sem meginstarfsemi fyrirtækisins er.

Fundargerðir til kynningar

7. 1710049 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2017

16. fundargerð bæjarstjórnar unga fólksins frá 21. nóvember 2017.

8. 1701005 - Fundargerðir 2017 - bæjarráð

3227. fundargerð bæjarráðs frá 16. nóvember 2017.

3228. fundargerð bæjarráðs frá 23. nóvember 2017.

9. 1701006 - Fundargerðir 2017 - velferðar- og mannréttindaráð

69. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 7. nóvember 2017.

10. 1701008 - Fundargerðir 2017 - skipulags- og umhverfisráð

73. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 20. nóvember 2017.

11. 1701010 - Fundargerðir 2017 - Höfði

77. fundargerð stjórnar Höfða frá 30. október 2017.

24. nóvember 2017
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.